

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002,
með síðari breytingum (varnarþing í riftunarmálum).

(Eftir 2. umræðu, 20. október.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 103. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „24 mánuðir“ í 2. másl. kemur: 30 mánuðir.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Mál sem slitastjórn höfðar á grundvelli þessa ákvæðis skulu þingfest fyrir þeim héraðsdómi þar sem fjármálafyrirtæki var tekið til slita skv. 3. og 4. mgr. 101. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

